# Reykjaneshöfn

Ársreikningur

2011

Reykjaneshöfn
Víkurbraut 11
230 Reykjanesbær
kt. 410190-1099

# Reykjaneshöfn

## Ársreikningur

# 2011

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Áritun stjórnar og hafnarstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-15 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Reykjaneshafnar**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjaneshafnar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Ábendingamálsgrein**
Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 16 með ársreikningnum þar sem fjallað er um erfiða fjárhagsslega stöðu hafnarinnar og þá óvissu sem ríkir um rekstrarhæfi hennar og innheimtu krafna. Þar kemur meðal annars fram að framtíðaráætlanir hafnarinnar byggi á því að kísilver muni rísa í Helguvík og að Reykjanesbær sem ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum hafnarinnar muni leggja höfninni til fé á næstu árum.

Reykjanesbær, 12. apríl 2012

**Deloitte ehf.**

Helga Erla Albertsdóttir
endurskoðandi

Bragi Guðjónsson
endurskoðandi

# Áritun stjórnar og hafnarstjóra

Ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tap Reykjaneshafnar á árinu 2011 nam 557.441.291 krónum. Stjórn Reykjaneshafnar leggur til að tap ársins verði flutt á neikvætt eigið fé til jöfnunar síðar.

Stjórn Reykjaneshafnar brást við alvarlegri fjárhagsstöðu félagsins á árinu 2010 með endurfjármögnun hafnarinnar sem lauk 8. júlí 2011 með útgáfu nýrra skuldabréfa. Fyrsta vaxtaafborgun nýju skuldabréfaflokkana sem eru skráð í Kauphöll var 15.10.2011 og eru öll skuldabréf Reykjaneshafnar í skilum.

Óvissa hefur ríkt varðandi framkvæmdir Íslenska kísilfélagsins ehf. við kísilver í Helguvík en gjalddagi kröfu hafnarinnar á félagið er 15. apríl 2012. Reykjaneshöfn hefur hins vegar verið í viðræðum við annað félag varðandi kísilver í Helguvík. Það er trú stjórnar að framkvæmdir við nýtt kísilver muni hefjast í sumar og tryggja rekstrarhæfi hafnarinnar.

Að áliti stjórnar og hafnarstjóra Reykjaneshafnar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og hafnarstjóri Reykjaneshafnar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 12. apríl 2012

**Í stjórn**

Einar Magnússon
formaður

Björk Þorsteinsdóttir

Reynir Valbergsson

Kjartan Þór Eiríksson

Silja Dögg Gunnarsdóttir

**Framkvæmdastjóri**

Pétur Jóhannsson

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Seld þjónusta | | 127.844.523 | 104.295.609 |
| Leigutekjur | | 35.266.586 | 35.861.899 |
| Efnissala úr námu Helguvík | | 19.604.240 | 19.122.479 |
| Aðrar tekjur | | 96.980.319 | 44.540.867 |
| | | 279.695.668 | 203.820.854 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 59.502.069 | 55.857.422 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar | 13 | 5.161.945 | 465.776 |
| Námuvinnsla vegna efnissölu | | 20.806.744 | 8.943.729 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 64.971.842 | 69.347.584 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 20.158.696 | 19.080.824 |
| Afskriftir mannvirkja og annarra eigna | 6 | 48.976.543 | 40.622.438 |
| | | 219.577.839 | 194.317.773 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 60.117.829 | 9.503.081 |
| Fjármunatekjur | 4 | 671.439 | 613.750 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | ( 618.230.559) | ( 447.716.646) |
| **Tap ársins** | | ( 557.441.291) | ( 437.599.815) |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Hafnarmannvirki | 6 | 2.183.745.435 | 2.277.934.580 |
| Fasteignir | 6 | 29.783.894 | 32.323.722 |
| Hafnsögu- og dráttarbátur | 6 | 33.230.060 | 34.711.798 |
| Áhöld og tæki | 6 | 10.284.451 | 11.837.417 |
| Lóðir og lendur | 7 | 434.137.260 | 434.137.260 |
| | | 2.691.181.100 | 2.790.944.777 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 10 | 40.858.573 | 91.237.702 |
| Efnisbirgðir | 9 | 127.160.487 | 110.963.324 |
| Aðrar skammtímakröfur | 10 | 150.138.692 | 1.397.609 |
| Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar | 8 | 0 | 7.522.018 |
| Bankainnstæður og sjóðir | 10 | 2.049.902 | 210.182 |
| | | 320.207.654 | 211.330.835 |
| **Eignir** | | 3.011.388.754 | 3.002.275.612 |

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Ójafnað tap | 11 | ( 3.231.818.167) | ( 2.674.376.876) |
| | | ( 3.231.818.167) | ( 2.674.376.876) |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Langtímaskuldir | 12 | 5.682.314.577 | 3.576.260.850 |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 53.815.733 | 48.653.788 |
| | | 5.736.130.310 | 3.624.914.638 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 420.930.430 |
| Viðskiptaskuldir | 14 | 100.169.865 | 128.354.624 |
| Skuld við Reykjanesbæ | 15 | 96.354.433 | 899.345.040 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 14 | 84.222.157 | 75.540.478 |
| Áfallnir vextir | | 106.128.586 | 56.112.053 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 120.201.570 | 471.455.225 |
| | | 507.076.611 | 2.051.737.850 |
| Skuldir | | 6.243.206.921 | 5.676.652.488 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 3.011.388.754 | 3.002.275.612 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða | | ( 557.441.291) | ( 437.599.815) |
| **Rekstrarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á handbært fé:** | | | |
| Afskriftir | 6 | 48.976.543 | 40.622.438 |
| Afskrift viðskiptakrafna | | 9.205.909 | 0 |
| Óbein afskrift skammtímakrafna, breyting | | ( 10.073.628) | 2.018.400 |
| Sölutap (hagnaður) fastafjármuna | 6 | ( 124.297.013) | ( 135.106) |
| Verðhækkun langtímalána | 12 | 241.899.248 | 92.014.093 |
| Verðhækkun skuldabréfaeignar | | ( 126.568) | ( 254.164) |
| Skuldbindingar, breyting | 13 | 5.161.945 | 465.776 |
| **Hreint veltufé til rekstrar** | | ( 386.694.855) | ( 302.868.378) |
| **Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:** | | | |
| Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun) | | 36.308.602 | ( 7.060.888) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun) | | 206.889.496 | 81.985.972 |
| **Handbært fé (til) frá rekstri** | | ( 143.496.757) | ( 227.943.294) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | 6 | ( 24.915.853) | ( 147.964.315) |
| Seldir fastafjármunir | 6 | 50.000.000 | 400.000 |
| Greiddar afborganir skuldabréfaeignar | | 7.648.586 | 7.393.393 |
| | | 32.732.733 | ( 140.170.922) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | 12 | 0 | 457.000.000 |
| Afborganir langtímaskulda | 12 | ( 11.243.965) | ( 222.763.470) |
| Skammtímaskuld við Reykjanesbæ, breyting | | 134.672.023 | 373.651.459 |
| Breyting rekstrarlána | | ( 10.824.314) | ( 247.530.503) |
| | | 112.603.744 | 360.357.486 |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 1.839.720 | ( 7.756.730) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 210.182 | 7.966.912 |
| Handbært fé í lok árs | | 2.049.902 | 210.182 |

## Aðrar upplýsingar

**Seldir fastafjármunir greinast þannig:**

| | |
|---|---|
| Seld lóð | 250.000.000 |
| Óinnheimt fært meðal skammtímakrafna | ( 200.000.000) |
| | 50.000.000 |

**Afborganir langtímaskulda greinast þannig:**

| | |
|---|---|
| Ný langtímalán | 4.817.150.996 |
| Greiddar afborganir lána | ( 3.171.476.196) |
| Uppgreiddar skuldir við lánastofnanir | ( 430.329.796) |
| Uppgreidd skammtímaskuld við Reykjanesbæ | ( 937.662.630) |
| Uppgreiddir áfallnir ógreiddir vextir | ( 288.926.339) |
| | ( 11.243.965) |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Reykjaneshöfn er stofnun sveitarfélags og starfar á grundvelli hafnalaga nr. 61/2003.

Reykjaneshöfn er þjónustufyrirtæki sem veitir ýmsa þjónustu tengda útgerðum, fiskvinnslum og flutningum á sjó. Auk þess veitir höfnin atvinnufyrirtækjum á iðnaðarsvæðinu í Helguvík þjónustu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Tekjuskattur

Stofnanir sveitarfélaga eru undanþegnar tekjuskatti. Tekjurskattur er því ekki reiknaður og færður í ársreikninginn.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Reykjaneshöfn innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Reykjaneshöfn færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur hafnarinnar eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 52.108.049 | 48.688.742 |
| Launatengd gjöld | 12.722.852 | 11.652.165 |
| Annar starfsmannakostnaður | 389.761 | 347.681 |
| | 65.220.662 | 60.688.588 |
| Stöðugildi að meðaltali | 7 | 7 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2011 námu 12,2 milljónum króna en 12,5 milljónum króna árið 2010.

## 4. Fjármunatekjur

| | 2011 | 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| Aðrar vaxtatekjur | 671.439 | 613.750 | 400.000 |
| | 671.439 | 613.750 | 400.000 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2011 | 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| Vextir og verðbætur langtímalána | (599.101.579) | (442.760.294) | (374.375.000) |
| Önnur vaxtagjöld | (19.128.980) | (4.956.352) | (8.525.000) |
| | (618.230.559) | (447.716.646) | (382.900.000) |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Yfirlit um hafnarmannvirki og framlög ríkisjóðs, endurmat og afskriftir:

| | Hafnar-mannvirki | Framlög ríkissjóðs | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 3.161.364.598 | (470.062.925) | 2.691.301.673 |
| Afskrifað áður | 691.895.132 | (278.528.039) | 413.367.093 |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.469.469.466 | (191.534.886) | 2.277.934.580 |
| Viðbót á árinu | 24.915.852 | 0 | 24.915.852 |
| Selt á árinu | (75.702.987) | 0 | (75.702.987) |
| Afskrifað á árinu | (51.228.070) | 7.826.060 | (43.402.010) |
| Bókfært verð í árslok | 2.367.454.261 | (183.708.826) | 2.183.745.435 |

Aðrar varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Hafnsögu- og dráttarbátur | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 46.247.080 | 66.725.631 | 41.411.596 | 154.384.307 |
| Afskrifað áður | 13.923.358 | 32.013.833 | 29.574.179 | 75.511.370 |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 32.323.722 | 34.711.798 | 11.837.417 | 78.872.937 |
| Afskrifað á árinu | (2.539.828) | (1.481.738) | (1.552.966) | (5.574.532) |
| Bókfært verð í árslok | 29.783.894 | 33.230.060 | 10.284.451 | 73.298.405 |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Fasteignir | 32.141.000 | 84.800.000 | 29.783.894 |
| Hafnarmannvirki | | 4.694.273.000 | 2.183.745.435 |
| Hafnasögu- og dráttarbátur | | 56.755.000 | 33.230.060 |

## 7. Lóðir og lendur

| | Lóðir og lendur |
|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 434.137.260 |
| Bókfært verð í árslok | 434.137.260 |

Reykjaneshöfn innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Við innleiðinguna voru lóðir og lendur sem höfnin hefur leigutekjur af endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats umfram 5% breytingu á árinu eru færðar á eiginfjárreikning.

## 8. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 7.522.018 | 14.661.246 |
| Innborganir á árinu | (7.648.586) | (7.393.392) |
| Verðbreytingar | 126.568 | 254.164 |
| Staða í árslok | 0 | 7.522.018 |
| Næsta árs afborgun | 0 | 7.522.018 |
| | 0 | 0 |

## 9. Efnisbirgðir

Efnisbirgðir samanstanda af þremur efnishaugum í Helguvík og stendur til að selja um 100.000 m3 til Norðuráls í væntanlega flæðigryfju á árunum 2014 - 2015.

## 10. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 72.253.486 | 132.706.243 |
| Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna | (31.394.913) | (41.468.541) |
| | 40.858.573 | 91.237.702 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 41.468.541 | 39.450.141 |
| Lagt í afskrifasjóð á árinu | (867.719) | 2.018.400 |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | (9.205.909) | 0 |
| Staða í árslok | 31.394.913 | 41.468.541 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

## 10. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Krafa á Íslenska Kísilfélagið ehf. | 200.000.000 | 0 |
| Óinnheimtar áfallnar vaxtatekjur | 0 | 121.283 |
| Inneign virðisaukaskatts | 138.692 | 898.138 |
| Fjármagnstekjuskattur | 0 | 5.017 |
| Aðrar kröfur | 0 | 373.171 |
| Óbein niðurfærsla skammtímakrafna | ( 50.000.000) | 0 |
| | 150.138.692 | 1.397.609 |

**Handbært fé**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður og sjóðir | 2.049.902 | 210.182 |
| | 2.049.902 | 210.182 |

## 11. Eigið fé

| | Ójafnað tap |
|---|---|
| Ójafnað tap 1.1.2010 | (2.670.914.321) |
| Endurmat lóða og lenda | 434.137.260 |
| Tap ársins | (437.599.815) |
| Ójafnað tap 1.1.2011 | (2.674.376.876) |
| Tap ársins | (557.441.291) |
| Ójafnað tap 31.12.2011 | (3.231.818.167) |

## 12. Langtímaskuldir

| | Skuldir við Reykjanesbæ | | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Skuldir í ISK | 963.980.346 | 0 | 4.838.535.801 | 4.047.716.075 |
| | 963.980.346 | 0 | 4.838.535.801 | 4.047.716.075 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 0 | 0 | (120.201.570) | (471.455.225) |
| Langtímaskuldir í árslok | 963.980.346 | 0 | 4.718.334.231 | 3.576.260.850 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við Reykjanesbæ | Skuldir við Reykjanesbæ | Skuldir við lánastofnanir | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|---|---|---|
| Afborganir 2011 | 0 | 0 | 0 | 471.455.225 |
| Afborganir 2012 | 0 | 0 | 120.201.570 | 547.640.498 |
| Afborganir 2013 | 0 | 0 | 164.135.989 | 900.534.388 |
| Afborganir 2014 | 0 | 0 | 212.003.247 | 495.148.723 |
| Afborganir 2015 | 0 | 0 | 218.420.781 | 391.299.625 |
| Afborganir 2016 | 0 | 0 | 2.252.983.467 | 559.453.553 |
| Afborganir síðar | 963.980.346 | 0 | 1.870.790.747 | 682.184.063 |
| | 963.980.346 | 0 | 4.838.535.801 | 4.047.716.075 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur kr. 53.815.722 í árslok 2011 samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar nam kr. 5.161.945 og er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

## 14. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 100.169.865 | 128.354.624 |
| | 100.169.865 | 128.354.624 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Tryggingagjald | 673.427 | 510.220 |
| Ógreiddur staðgreiðsluskattur | 2.363.028 | 1.846.683 |
| Ógreiddir reikningar/víxlar | 12.707.038 | 243.145 |
| Hafnsögusjóður | 627.377 | 627.378 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 67.850.000 | 67.850.000 |
| Aðrar skuldir | 1.287 | 4.463.052 |
| | 84.222.157 | 75.540.478 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 120.201.570 | 471.455.225 |
| | 120.201.570 | 471.455.225 |

## 15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

| | Langtíma- skuldir 31.12.2011 | Langtíma- skuldir 31.12.2010 | Skammtíma- skuldir 31.12.2011 | Skammtíma- skuldir 31.12.2010 |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbær, móðurfélag | 963.980.346 | 0 | 96.354.433 | 899.345.040 |
| | 963.980.346 | 0 | 96.354.433 | 899.345.040 |

Reykjaneshöfn telst til B-hluta stofnana hjá Reykjanesbæ og er að fullu í eigu bæjarsjóðs og ber bæjarsjóður Reykjanesbæjar fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum hafnarinnar.

Í júní 2011 lánaði Reykjanesbær félaginu um 937,7 milljónir króna í formi víkjandi láns. Lánsfjárhæðin kom ekki til útgreiðslu heldur var fjárhæðin notuð til að greiða niður skammtímaskuldir Reykjaneshafnar við Reykjanesbæ. Gjalddagi lánsins er 15. maí 2027 og greiðist lánið upp í einni greiðslu.

Meðal skammtímaskulda er færð skuld vegna áfallinna vaxta langtímaláns að fjárhæð um 33,3 milljónir króna.

## 16. Rekstrarhæfi

Samkvæmt rekstrarreikningi Reykjaneshafnar nam tap ársins 557,4 milljónum króna og eiginfjárhlutfall félagsins er neikvætt sem nemur 107%

Skammtímaskuldir eru 507,1 milljón króna í árslok og hafa lækkað um 1.544,7 milljónir króna á árinu vegna endurskipulagningar hjá félaginu og þar með breytinga skammtímaskulda í langtímalán. Veltufjármunir félagsins í árslok eru um 320,2 milljónir króna og veltufjárhlutfall félagsins 0,63. Handbært fé til rekstrar á árinu 2011 var um 143,5 milljónir króna sem var fjármagnað með greiðslum frá Reykjanesbæ og sölu eigna.

Reykjaneshöfn hefur gert fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir því að kísilver muni rísa í Helguvík. Miðað við áætlunina mun höfnin geta greitt af lánum sínum sem voru endurfjármögnuð með útgáfu nýrra skuldabréfa á árinu 2011. Óvissa hefur ríkt varðandi framkvæmdir Íslenska kísilfélagsins ehf. við kísilver í Helguvík. Á meðal skammtímakrafna er krafa á Íslenska kísilfélagið ehf. að fjárhæð 200 milljónir króna en nokkur óvissa ríkir um kröfuna.

Eins og fram hefur komið hér að ofan er fjárhagsstaða Reykjaneshafnar erfið. Við útgáfu nýrra skuldabréfa á árinu 2011 skuldbatt Reykjanesbær sig til þess að hlíta nokkrum skilmálum. Viðskiptakröfu bæjarsjóðs á útgáfudegi var breytt í víkjandi lán auk þess Reykjanesbæ ber að lána höfninni í formi víkjandi láns, fasteignaskatta sem bæjarsjóður innheimtir af höfninni og atvinnufyrirtækjum sem starfa á atvinnusvæði Reykjaneshafnar á hverju ári Ef Reykjanesbær selur eða veðsetur eignarhlut sinn í HS Veitum hf. og fær greitt af skuldabréfi útgefnu af Magma Energy Sweden A.B. þá fær Reykjaneshöfn 25% af þeim fjárhæðum í formi víkjandi láns frá Reykjanesbæ.

Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu hafnarinnar er ljóst að óvissa ríkir um rekstrarhæfi hafnarinnar en reikningsskil hennar eru gerð miðað við að forsendan um rekstrarhæfi sé til staðar.

## 17. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 12. apríl 2012.

## 18. Kennitölur

| **Úr rekstrarreikningi:** | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 109.094.372 | 50.125.519 | 112.811.784 |
| a) Framlegðarhlutfall rekstrar | 0,39 | 0,25 | 0,31 |

a) EBITDA/rekstrartekjur

## 18. Kennitölur (framhald)

| Úr efnahagsreikningi: | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|---|
| **Nýting fjármagns** | | | |
| b) Veltuhraði eigna | 0,09 | 0,07 | 0,17 |
| c) Veltuhraði viðskiptakrafna | 4,23 | 2,06 | 2,02 |

b) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna c) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| d) Veltufjárhlutfall | 0,63 | 0,10 | 0,11 |

d) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| e) Eiginfjárhlutfall | -107% | -89% | -108% |

e) Eigið fé/heildarfjármagn

| Úr sjóðstreymi ársins: | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| f) Skuldaþekja handbærs fjár | (0,05) | (0,04) | (0,02) |

f) Handbært fé frá rekstri/skuldir

## 19. Sjóðstreymisyfirlit

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tap ársins | (557.441.291) | (437.599.815) | (504.934.063) | (494.185.185) | (237.956.156) |
| Afskriftir | 48.976.543 | 40.622.438 | 40.943.583 | 32.178.188 | 34.581.474 |
| Afskrift viðskiptakrafna | 9.205.909 | 0 | 2.133.255 | 9.249.856 | 0 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 241.772.680 | 91.759.929 | 290.432.978 | 469.799.789 | 130.272.965 |
| Aðrar breytingar | (129.208.696) | 2.349.070 | 10.968.054 | (4.352.039) | 12.364.243 |
| **Hreint veltufé frá (til) rekstrar** | (386.694.855) | (302.868.378) | (160.456.193) | 12.690.609 | (60.737.474) |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | 36.308.602 | (7.060.888) | 106.139.759 | (9.591.477) | (182.205.464) |
| Rekstrartengdum skuldum | 206.889.496 | 81.985.972 | (56.586.210) | 162.248.558 | (709.126) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | (143.496.757) | (227.943.294) | (110.902.644) | 165.347.690 | (243.652.064) |

# Sundurliðanir

| Skipagjöld | Árið 2011 | Árið 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| Lestargjöld | 4.363.303 | 3.568.798 | 4.000.000 |
| Bryggjugjöld | 6.922.716 | 6.428.830 | 6.700.000 |
| Vatnsgjöld | 1.284.480 | 1.109.200 | 1.100.000 |
| Hafnsögugjöld | 1.874.146 | 1.480.168 | 1.500.000 |
| Útkall hafnarvarða | 1.417.700 | 1.186.800 | 1.100.000 |
| Festargjöld | 1.550.496 | 1.135.060 | 1.000.000 |
| Lestar og bryggjugjöld smábáta | 88.548 | 117.390 | 120.000 |
| Löndunarkranagjald smábáta | 151.648 | 299.540 | 320.000 |
| Vatnsgjöld smábáta | 30.360 | 50.608 | 50.000 |
| Viðlegugjöld smábáta | 2.629.978 | 3.450.956 | 3.700.000 |
| Rafmagnssala | 6.599.977 | 7.749.317 | 6.500.000 |
| Seldir rafmagnsmælar | 30.000 | ( 25.000) | 50.000 |
| Sorphirðugjöld | 1.040.453 | 1.138.092 | 1.100.000 |
| Öryggisgjald | 4.102.755 | 2.593.631 | 3.000.000 |
| | 32.086.560 | 30.283.390 | 30.240.000 |

## Vörugjöld

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vörugjöld | 46.003.824 | 39.574.499 | 40.000.000 |
| | 46.003.824 | 39.574.499 | 40.000.000 |

## Aflagjöld

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflagjaldatekjur | 33.338.434 | 21.249.782 | 27.000.000 |
| | 33.338.434 | 21.249.782 | 27.000.000 |

## Vogargjöld

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vogargjaldatekjur | 2.543.954 | 1.808.610 | 1.700.000 |
| Yfirvinnuútköll starfsmanna | 2.958.400 | 2.687.500 | 2.200.000 |
| | 5.502.354 | 4.496.110 | 3.900.000 |

## Tekjur dráttar- og hafnsögubáta

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tekjur dráttar- og hafnsögubáta | 3.461.650 | 2.090.575 | 2.100.000 |
| | 3.461.650 | 2.090.575 | 2.100.000 |

## Íssala

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íssala | 7.451.701 | 6.601.253 | 6.400.000 |
| | 7.451.701 | 6.601.253 | 6.400.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Alls seld þjónusta** | 127.844.523 | 104.295.609 | 109.640.000 |

# Sundurliðanir

| | Árið 2011 | Árið 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|

## Leigutekjur

| | Árið 2011 | Árið 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| Lóðarleiga | 27.536.645 | 28.636.341 | 35.000.000 |
| Húsaleiga | 7.729.941 | 7.225.558 | 7.500.000 |
| | 35.266.586 | 35.861.899 | 42.500.000 |

## Aðrar tekjur

| | Árið 2011 | Árið 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna | 124.297.013 | 135.106 | 0 |
| Hagnaður af sölu á fullnustueign | 0 | 290.000 | 0 |
| Framlag frá Reykjanesbæ | 0 | 45.914.585 | 0 |
| Lóðarsala/lóðarskil | ( 27.316.694) | ( 5.170.000) | 0 |
| Tryggingabætur | 0 | 3.371.176 | 0 |
| Aðrar tekjur | 0 | 0 | 621.000.000 |
| | 96.980.319 | 44.540.867 | 621.000.000 |

## Laun og launatengd gjöld

| | Árið 2011 | Árið 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| Laun | 47.957.643 | 44.201.684 | 45.706.000 |
| Dagpeningar | 463.250 | 505.575 | 0 |
| Endurgreiddur ökutækjastyrkur | 2.144.440 | 2.204.136 | 0 |
| Stjórnarlaun | 1.542.716 | 1.777.347 | 1.393.000 |
| Launatengd gjöld | 12.722.852 | 11.652.165 | 10.423.000 |
| Annar starfsmannakostnaður | 389.761 | 347.681 | 370.000 |
| Millifærð laun vegna ísafgreiðslu og lóðsbáts | ( 5.718.593) | ( 4.831.166) | ( 5.905.000) |
| | 59.502.069 | 55.857.422 | 51.987.000 |

## Rekstur og viðhald hafnarinnar

### Rekstur og viðhald hafnarmannvirkja

| | Árið 2011 | Árið 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| Viðhald hafnarmannvirkja | 3.458.006 | 3.246.634 | 5.000.000 |
| Viðhald raflagna | 3.338.122 | 3.583.918 | 4.100.000 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 0 | 13.538 | 0 |
| Snjómokstur á hafnarsvæði | 136.889 | 30.100 | 200.000 |
| Gámaleiga og sorplosun | 664.340 | 1.374.985 | 1.400.000 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 211.372 | 505.529 | 600.000 |
| Ljós og hiti til eigin nota | 2.155.847 | 3.555.483 | 2.800.000 |
| Orkukaup til endursölu | 5.350.638 | 6.458.827 | 5.500.000 |
| Vatnsgjöld | 420.347 | 604.688 | 600.000 |
| Viðlagatryggingariðgjald | 938.854 | 913.638 | 950.000 |
| Ábyrgðatrygging | 194.842 | 0 | 60.000 |
| Annar kostnaður | 0 | 7.172 | 40.000 |
| | 16.977.962 | 20.294.512 | 21.250.000 |

# Sundurliðanir

| | Árið 2011 | Árið 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstur og viðhald fasteigna** | | | |
| Viðhald húsnæðis og lóða | 859.275 | 116.000 | 1.000.000 |
| Húsaleiga | 8.368.192 | 8.310.037 | 400.000 |
| Lóðarleiga | 6.150.000 | 5.766.000 | 8.500.000 |
| Orkukaup leiguhúsnæðis | 418.101 | 298.616 | 5.700.000 |
| Tryggingar fasteigna | 140.948 | 274.787 | 300.000 |
| Fasteignagjöld | 15.999.482 | 17.153.873 | 17.500.000 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 781.618 | 697.096 | 700.000 |
| | 32.717.616 | 32.616.409 | 34.100.000 |
| **Rekstur bifreiða, áhalda og tækja** | | | |
| Rekstur sendibifreiða | 825.775 | 610.513 | 600.000 |
| Rekstur vörubifreiðar | 768.593 | 398.273 | 1.450.000 |
| Viðhald áhalda og tækja | 1.109.595 | 462.888 | 1.500.000 |
| Viðhald löndunarkrana | 399.274 | 2.005.701 | 1.000.000 |
| Viðhald hafnarvogar | 259.777 | 179.530 | 450.000 |
| | 3.363.014 | 3.656.905 | 5.000.000 |
| **Rekstur dráttar- og hafnsögubáts** | | | |
| Laun skipverja | 735.748 | 332.218 | 615.000 |
| Viðhald dráttarbáts | 881.257 | 1.550.250 | 1.600.000 |
| Olíukostnaður dráttarbáts | 260.040 | 486.501 | 600.000 |
| Tryggingariðgjöld dráttarbáts | 1.401.895 | 490.967 | 800.000 |
| Annar kostnaður | 31.763 | 27.000 | 25.000 |
| | 3.310.703 | 2.886.936 | 3.640.000 |
| **Rekstur ísturns** | | | |
| Laun vegna ísafgreiðslu | 4.982.845 | 4.498.948 | 5.290.000 |
| Sími og önnur rekstrargjöld | 34.218 | 0 | 100.000 |
| Hiti | 178.629 | 44.790 | 60.000 |
| Skrifstofukostnaður | 550.000 | 600.000 | 600.000 |
| Viðhaldskostnaður | 1.787.279 | 804.447 | 1.000.000 |
| Orkukaup vegna ísframleiðslu | 1.409.469 | 1.046.095 | 1.100.000 |
| Rekstur vörubifreiða í ísafgreiðslu | 481.578 | 839.917 | 0 |
| Tryggingariðgjöld og fleira | 46.248 | 40.225 | 50.000 |
| | 9.470.266 | 7.874.422 | 8.200.000 |
| **Afskriftir viðskiptakrafna** | | | |
| Tapaðar kröfur | 9.205.909 | 0 | 0 |
| Breyting óbeinna afskrifta viðskiptakrafna | ( 10.073.628) | 2.018.400 | 4.500.000 |
| | ( 867.719) | 2.018.400 | 4.500.000 |
| **Alls annar rekstrarkostnaður** | 64.971.842 | 69.347.584 | 76.690.000 |

# Sundurliðanir

## Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | Árið 2011 | Árið 2010 | Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|
| Bækur, ritföng og útvarp | 133.289 | 183.174 | 300.000 |
| Prentun og ljósritunarvörur | 361.121 | 390.172 | 450.000 |
| Póstur og sími | 746.610 | 861.628 | 970.000 |
| Sérfræðiþjónusta v/hugbúnaðar | 659.081 | 340.351 | 550.000 |
| Auglýsingar | 1.051.625 | 1.550.131 | 1.450.000 |
| Hreinlætis- og kaffivörur | 391.002 | 412.960 | 500.000 |
| Ferðir, námskeið og fundir | 143.825 | 320.062 | 300.000 |
| Árgjald hafnarsambands og þingkostnaður | 473.120 | 681.945 | 500.000 |
| Gjafir og risna | 38.085 | 183.650 | 60.000 |
| Endurskoðun | 3.648.007 | 3.891.649 | 2.800.000 |
| Rekstrarráðgjöf og verkfræðiþjónusta | 5.169.724 | 8.685.828 | 2.450.000 |
| Lögfræðiþjónusta | 5.243.261 | 2.015.675 | 1.100.000 |
| Kostnaðarhlutdeild - þjónusta Reykjanesbæjar | 2.500.000 | 0 | 0 |
| Þóknun Visa/Euro | 0 | 0 | 1.600.000 |
| Annar kostnaður | 149.946 | 163.599 | 0 |
| Millifært á Ísafgreiðslu | ( 550.000) | ( 600.000) | ( 600.000) |
| | 20.158.696 | 19.080.824 | 12.430.000 |